

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður urðunarstaður að Hóli



Dags eftirlits	10.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Bolungarvíkurkaupstaður	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Aðalstræti 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480774-0279	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Finnbogi Bjarnason	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Páll Hreinsson	Staðsetning	307786,784 635095,624

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit. Útistandandi eru frávik úr eldri eftirlitum sem ekki hafa farið fram úrbætur á.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Bolungarvíkurkaupstaðar að Hóli í samræmi við 57. gr. rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið gildir fyrir heimild til móttöku og meðhöndlun óvirkis úrgangs, og miðast móttökuheimild við 500 t af úrgangi á ári og þar af skiptist heimild fyrir urðun á meðhöndluðum óvirkum úrgangi og heimild til að taka á móti viðar- og garðaúrgangi til jarðgerðar. Engin jarðgerð fer fram á staðnum. Starfsleyfið var gefið út þann 20.08.2019 og er gildistími þess til 20.08.2035.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og tryggingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð á urðunarstað

1. Opin eru fjögur frávik úr eftirliti ársins 2024, þar af tvö eldri frávik frá árinu 2022 og eitt frá árinu 2023. Úrbótaáætlun barst frá rekstraraðila þann 20. janúar 2025 sem ekki var að fullu samþykkt af Umhverfis- og orkustofnun og voru athugasemdir sendar rekstraraðila 24. janúar 2025. Kallað var eftir frekari viðbrögðum frá rekstraraðila sem ekki bar árangur. Frávikin sem sett voru fram í eftirliti 2024 vörðuðu móttöku á 52,6 tonnum af timbri inn á urðunarstað. Heimild er fyrir móttöku timburs til jarðgerðar samkvæmt starfsleyfi, en engin jarðgerð fer fram á staðnum. Timbur hefur verið nýtt í fyllingu skv. rekstraraðila, en timbur telst ekki sem óvirkur úrgangur og skráist móttaka þess því í urðun. Urðun timburs á urðunarstað Bolungarvíkur er óheimil. Að auki komu fram frávik vegna ófullnægjandi skráninga, frávik vegna þess að árlegar mælingar á hæð grunnvatnsborðs fóru ekki fram og að ársyfirliti var ekki skilað. Eldri frávik vörðuðu uppsöfnun timburs inn á urðunarstað og ófullnægjandi frágang úrgangs. Ársyfirliti og skráningum vegna innra eftirlits rekstraraðila fyrir árin 2023 og nú vegna 2024 hafa ekki borist stofnuninni. Árið 2023 var sett fram frávik vegna takmörkunar aðgangs inn á urðunarstað, búið var að bæta úr því við eftirlit nú.

2. Farið var yfir kröfur starfsleyfis með rekstraraðila sem og honum einnig bent á leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar varðandi Endurnýtingu úrgangs í fyllingar sem og var fjallað stuttlega um skráningu úrgangsstaða og gagnagrunn um mengaðan jarðveg, en leiðbeiningar þess efnis eru að finna inn á heimasíðu Umhverfis- og orkustofnunar.

3. Rekstraraðili skilaði ekki inn ársyfirliti vegna ársins 2024 og er það frávik. Skráningum í gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar var skilað þann 12. maí 2025.

4. Rekstraraðili sýndi fram á að gildandi ábyrgðartrygging sé til staðar, þ.e. ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafis og stranda.

5. Fjallað var um áhættumat í eftirliti, áhættumat byggir á 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit en engar breytingar eru gerðar á viðmiðum þess frá fyrri stöðu.

6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits.
7. Önnur mál voru tekin til umræðu, m.a. staða úrgangsmála í sveitarfélaginu og aðlögun að breyttum skilyrðum sorphirðu.
8. Farið var inn á urðunarstað og hann skoðaður en til staðar eru frávik sem ekki hafa farið fram úrbætur á.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Timbur, garðyrkju og skógræktar úrgangur er urðaður inn á urðunarstað og er ekki farið sbr. viðmiðunum fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi í gr. 2.1.1 í viðauka II í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Timbur, garðyrkju og skógræktarúrgangur (annar en garðaúrgangur) samræmist ekki móttökuskilyrðum starfsleyfis og flokkast ekki sem óvirkur úrgangur og því er urðun þess úrgangs inn á urðunarstað óheimil.
gr. 1.2 í starfsleyfi:	Inn á urðunarstað er móttekinn úrgangur sem bíður urðunar, sem ekki flokkast sem óvirkur úrgangur sbr. viðmiðanir fyrir urðunarstaði þar sem tekið er á móti óvirkum úrgangi, sbr. k. 2.1. í viðauka II í rg. nr. 738/2003. Er þar m.a. úrgangur úr lituðu og meðhöndluðu timbri, plasti, bárujárni og annar niðurrifsúrgangur.
gr. 2.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k fjögurra ára fresti. Rekstraraðili skal stuðla að endurnýtingu úrgangs eins og kostur er sbr. 7.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Engin umhverfismarkmið lágu fyrir við eftirlit.
gr. 2.2. í starfsleyfi:	Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og innra eftirlits rekstraraðila við eftirlitsaðila ásamt framkvæmd viðbragðsáætlana. Umhverfis- og orkustofnun var ekki upplýst um breytingar á tengilið vegna breytinga hjá rekstraraðila.
gr. 2.5 í starfsleyfi:	Ekki lá fyrir viðbragðsáætlun við eftirlit. Áætlunin skal vera tiltæk og aðgengileg við eftirlit. Viðbragðsáætlun grundvallast á 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
gr. 4.1 í starfsleyfi:	Rekstraraðili hefur ekki tekið saman skráningar vegna vöktunar og innra eftirlits vegna ársins 2024.
gr. 4.4. í starfsleyfi:	Niðurstöðum skráninga innra eftirlits og vöktunar var ekki skilað innan tilskilins tíma og hafa ekki enn borist stofnuninni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir